



Alþingi
Erindi nr. P 138/2010
komudagur 7.5.2010

KIRKJA
SJÖUNDA DAGS
ADVENTISTA

Ísland / Iceland

Skrifstofa / Office
Suðurhlíð 36
105 Reykjavík
Iceland

kt.:410169-2589

Sími/Tel +354 588-7800
Fax +354 588-7808

sda@adventistar.is
www.adventistar.is

Formaður / President
Eric Guðmundsson
GSM +354 897-3625
eric@adventistar.is

Fjármálastjóri / Treasurer
Sandra Mar Huldudóttir
GSM +354 696-3979
sandra@adventistar.is

Reykjavík
5. maí 2010

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL HJÚSKAPARLAGA (STAÐFEST SAMVIST), ÞSKJ. 836 – 485. MÁL

Kirkja sjöunda dags aðventista álitur alla menn jafna og verðmæta í augum Guðs og vill í anda Jesú Krists leitast við að þjóna öllum jafnt. Við trúum því einnig að fyrir náð Guðs og innan samfélags trúaðar geti allir menn lifað í samræmi við meginreglur Orðs Guðs.

Kirkjan heldur því jafnframt fram að náin sambönd og samlífi einstaklinga heyri til innan hjónabands karls og konu. Þannig var þessu fyrir komið við sköpun heimsins því svo er þessu lýst í sköpunarsögunni: „Af þessum sökum yfirgefur maður föður sinn og móður sína og býr með eiginkonu sinni, og þau verða eitt [eitt hold, einn maður, eind]“ (1M 2.24). Í allri Bibliunni er gagnkynja sambandi í hjónabandi haldið á lofti og hvergi er samband samkynhneigðra viðurkennt þrátt fyrir að samkynja sambönd hafi ávallt þekkt og viðgengist meðal þjóða heims. Kynmök utan hjónabands karls og konu eru blátt áfram bönnuð (sjá 3M 20.7-21; Rm 1.24-27; 1Kor 6.9-11). Jesús Kristur saðfesti það fyrirkomulag sem kynnt var við sköpun mannsins þegar hann sagði: „Hafið þið eigi lesið að skaparinn gerði þau frá upphafi karl og konu og sagði: Fyrir því skal maður yfirgefa föður og móður og búa með konu sinni og þau tvö skulu verða einn maður. Þannig eru þau ekki framar tvö heldur einn maður.“

Það er ljóst að það frumvarp til laga sem hér um ræðir gengur í berhöggi við fyrirmæli Bibliunnar sem er grunnur kristinnar kenningar og fyrir þær sakir hlítur Kirkja sjöunda dags aðventista að vera andvíg umræddu frumvarpi. En hér er einnig um að ræða enn eitt skerf í þá átt að varpa fyrir róða siðferðisgildum sem samfélag okkar á Íslandi hefur tekið mið af um aldir og byggð hafa verið á kristnum grunni. Slíka þróun, sem treystir mannlegri „visku“ sem gengu þvert á skýrar leiðbeiningar Guðs, teljum við vera á villigötum og varhugaverða.

Virðingarfyllst,

Eric Guðmundsson
forstöðumaður